

---

## Framboð til stjórnar FKA

---

Kæru FKA konur

Ég hef setið í stjórn FKA síðasta árið til eins árs og mig langar mikið að starfa þar áfram.

Stærsta verkefnið mitt í vetur hefur verið þarfagreining og innleiðing á nýrri vefsíðu FKA í samvinnu til Tækniráð FKA. Það verkefni er í fullri vinnslu og ég vil mjög gjarnan fá að fylgja því eftir og ljúka með sóma. Mér þykir mikilvægt að fá umboð félagskvenna til að halda þeirri vinnu áfram sem fulltrúi stjórnar.

Einnig hef ég tekið þátt í að yfirfara lög félagsins ásamt ansi mörgu stórskemmtilegu sem hefur ratað á borð stjórnar í vetur.

Ég hef mikinn metnað fyrir hönd FKA og hef mikla ánægju af því að starfa innan félagsins. Ég legg mig fram um að mæta á viðburði, kynnast starfi allra deilda og nefnda og stuðla að því að konur finni sinn veg innan FKA.

Mitt mottó er að allar konur blómstri í félaginu í gleði og krafti, án árekstra eða samkeppni. Eins og Þórdís Kolbrún sagði á viðurkenningarhátíðinni okkar: „Það er nóg pláss fyrir margar sterkar konur í atvinnulífinu.“ Við eigum að efla hvora aðra og lyfta upp, því saman erum við hreyfiafl.

Ég rek hugbúnaðarfyrirtækið GET Ráðgjöf ásamt manningum mínum. Saman erum við í nýsköpun að þróa hugbúnaðarlausn sem gengur undir heitinu Synia. Synia samþættir gögn milli tölvukerfa á markvissan og sýnilegan máta ásamt því að styðja við gagnastýringu (e. Data Governance), t.a.m. með þéttingu og vinnslu gagna með aðstoð gervigreindar.

Ég á fjögur börn, eina fósturdóttur og nú í febrúar var mér gefið það dásamlega hlutverk að verða amma.

Ég þrífst í því að hafa nóg fyrir stafni og legg mikinn metnað í að sinna vel því sem ég tek að mér og skila með stolti.

**Ég sækist eftir stuðningi þínum í kjöri til stjórnar FKA 2024**

Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir

